

Kyrkja, sem er ríkinu að öllu leyti óháð, getur tekið ranga og óheppilega afstöðu í ýmisum mannfélagsmálum. Æn sem stofnun getur hún ekki til lengdar haft ástæðu til að styðja neina vissa hlíð, nema að meiri hluti meðlima hennar hafi sannfæringu fyrir þeim málum, sem sú hlíð berst fyrir. Fríkyrkjan er ekki í þeirri haettu að verða ambátt þeirra, sem völdin hafa; en það, eins og öll saga sýnir, hefir verið ein af aðalhættum, og eitt af aðalmeinum rískiskyrkjunnar.

Allir, sem veitt hafa kyrkjumálunum á Íslandi eftirtekt nú á síðustu árum, hljóta að hafa séð, að allmikið hik og vafí á sér stað þar, viðvíkjandi fyrirkomulagi kyrkjumálanna. Þeir menn eru til þar, þó efalaust í miklum minni hluta, sem vilja hiklaust aðskilnað ríkis og kyrkju, afnám þjóðkyrkjunnar. Aftur eru aðrir, sem vilja halda fyrirkomulaginu, sem er, með einhverjum lítilsháttar endurbótum. Og svo eru enn þá aðrir, sem, að því er virðist eru í algerðum vafa um, hvernig eigi að ráða fram úr kyrkjumálunum þar. Um eitt ber þó flestum saman: nefnilega að alt trúarlíf innan þjóðkyrkjunrar sé víða á mjög lágu stigi. Orsökin til þess er auðsjáanleg. Hún er sú, að fjöldi manna er ekki lengur saunfærður um að þjóðkyrkjan hafi verulegan trúarlegan sannleika að flytja. Kyrkjan á síðferðislega ekkert tilkall til þeirra manna lengur. Þeit eiga að hafa fult trúfrelsi, en hafa það ekki. Um leið og þeir fengju það, er líklegt að margir þeirra syndu þörf hjá sér til að sameina sig um nýja stefnu í trúmálum. Eini vegurinn til að ráða fram úr áhugaleysinu og deyfðinni í trúmálunum er að innleiða algert trúfrelsi; ekki trúfrelsi í orði kveðnu, heldur það trúfrelsi, sem byggist á fullri viðurkenningu þess að menn geti haft og hljóti að hafa mismunandi trúarskoðanir nú á tuttugustu öld. Vonandi er að þess verði ekki langt að biða að íslenzkir löggjafar sjái þetta.